

## 1111. Stjórnarfundur VR

**Haldinn mánudaginn 24. mars 2014, kl. 12:00 í Kringlunni 7 á 2. hæð.**

**Mætt voru:** Ólafía B. Rafnsdóttir, Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigurður Sigfússon, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins: Tómas N. Möller lögmaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

### Dagskrá:

**1. Fundargerð 1110. stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar.**

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1110. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana. Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

**2. Tillögur kynntar frá LIVE „breytingar á samþykktum sjóðsins“.**

Gestur fundarins, Tómas N. Möller lögmaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna fór nú yfir á glærum, og skýrði, breytingar á samþykktum lífeyrissjóðsins.

Fyrst skýrði hann frá breytingum á reglum um framreikning lífeyrisréttinda. Þessar breytingar eru gerðar til samræmis við reglur allra annarra lífeyrissjóða utan eins. Með þeim munu réttindi aukast hjá öllum réttihöfum og einfaldar auk þess allan útreikning svo reglurnar verða sjóðsfélögum mun auðskiljanlegri. Hjá þeim sem skoðaðir voru af handahófi vegna þessa urðu breytingarnar til 4% - 18% hækkunar framreikningsréttinda en þessar breytingar munu hafa mest áhrif á örorkulífeyrisþega.

Næst fór Tómas yfir breytingar á reglum um makalífeyrisréttindi en áriðandi er að skilja að með þeim er ekki verið að svipta neinn þegar áunnum réttindum. Makalífeyrir er aldrei greiddur skemur en í 3 ár en samkvæmt lögum eru það 2 ár. Þýðir meiri vernd fyrir maka með börn eða þá sem eru öryrkjar.

Umræður.

Ekki var talin þörf á að fara yfir allar breytingarnar.

Ólafía Björk lagði þá breytingar í heild fyrir til samþykktar: Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum og enginn á móti.

Ragnar Þór óskaði eftir að það yrði bókað að hann sitji hjá við atkvæðagreiðsluna.

Var Tómasi þá þakkað fyrir kynningu hans og vék hann af fundi kl. 12:35.

Fundi var slitið kl. 12:42  
Árni Leósson, fundarritari